

Nd.

120. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 45 8. sept. 1931, um lendingarbætur á Eyrarbakka.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Bjarni Bjarnason.

1. gr.

Í stað orðanna „sýslunefnd Árnessýslu“, „sýslusjóður Árnessýslu“ og „sýslunefnd“ kemur alstaðar í lögnum í viðeigandi föllum: hreppsnefnd Eyrarbakka-hrepps, hreppssjóður Eyrarbakka-hrepps og hreppsnefnd.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Við framkvæmd þessara mála hefir það valdið óþægindum undanfarið, að hreppsnefndin hefir ekki haft fulla stjórn þeirra í sinni hendi. Er því lagt til, að þessu sé breytt í það horf, sem tíðkæzt hefir um þessi mál annarstaðar.